

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Verkalýðsfélags Vestfirðinga um árlegan styrk vegna greiðslu fasteignaskatts og lóðarleigu

1. gr.

Samningsaðilar

Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, kt. 650102-3470, Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði, gera með sér svofelldan samning um styrk til endurbóta á fasteigninni Norðurvegi 1 á Ísafirði, og uppfærslu tækjabúnaðar kvikmyndahúss.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal veita Verkalýðsfélagi Vestfirðinga árlegan styrk sem nemur 90% af álögðum fasteignaskatti og lóðarleigu af fasteigninni að Norðurvegi 1, Ísafirði, fastanúmer 212-0122 (samkomuhús).

Samningur þessi tekur gildi frá og með álagningu ársins 2023 og gildir í tíu ár. Til hliðsjónar er álagning ofangreindra gjalda á árinu 2022 eftirfarandi:

Fasteignaskattur 2022 kr. kr. 633.798 (90%)

Lóðarleiga 2022 kr. 189.810 (90%)

Alls kr. 823.608

Styrkur Ísafjarðarbæjar myndar ekki eignarhluta í húseigninni að Norðurvegi 1 á Ísafirði, eða tækjabúnaði kvikmyndahússins.

3. gr.

Skyldur Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Vestfirðinga skal standa að rekstri kvikmyndahúss á Ísafirði í Alþýðuhúsi Ísfirðinga, að Norðurvegi 1, 400 Ísafirði, með reglulegum kvikmyndasýningum.

Árlegur styrkur Ísafjarðarbæjar skal nýttur til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að kvikmyndahúsinu að Norðurvegi 1 á Ísafirði, til að vinna að endurbótum og viðhaldi utanhúss á fasteigninni og til árlegrar uppfærslu tækjabúnaðar til kvikmyndasýninga.

Áætlað er að fyrir lok árs 2025 verður lokið við málningu tréverks utanhúss, yfirferð glugga og hurða og bráðaviðgerðir utanhúss, s.s. á lektum. Á síðari árum samningstímans er áætlað að endurnýja og endurbæta klæðningu utanhúss. Þá er áætlað að fyrir lok samningstíma verði búið að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að kvikmyndahúsinu.

4. gr.

Vanefndir

Vanefni Verkalýðsfélag Vestfirðinga skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi. Veruleg vanefnd gæti t.a.m. verið að rekstri kvikmyndahússins á Ísafirði verði hætt.

5. gr.

Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður,

febrúar 2022

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Birgir Gunnarsson
bæjarstjóri

Finnbogi Sveinbjörnsson
stjórnarformaður

Vottar að rétti dagsetningu og
undirritun aðila:
